

áminnstri 62. gr. í aukatekjureglugjörðinni 10. sept. 1830, er þó 1854.
virðist, þar eð menn ekki vita til, að það hafi verið heimað 14. októbr.
síðan hún kom út, þá er það þó nú úr lögum tekið, fyrst að
það er ekki ányjað í lögnum 15. apríl þ. á., enda hafa þau
numið allt burtu, er 11. gr. þessi var byggð á.

3. Íslenzkir valdsmenn geta ekki fengið neinar bætur fyrir
gjöld þau, sem tekin eru af eptir hinu nýja fyrirkomulagi á verzl-
uninni, því það liggur í augum uppi, að embættismenn, sem
hafa aukatekjur að launum, að nokkru eða öllu leyti, geta ekki
bedizt bóta, þó tekjur þessar með seinni lögum sju minnkaðar
eða teknar af með öllu, og jafnvel ekki, þó að þeir verði að
halda áfram að gegna störfum þeim, sem gjöldin eru fyrir, og
þá því síður þegar af lögnum leiðir, að þessi störf hætta. Það
er ekki nema stöku sinnum, þegar þess konar lagabreyting gjörir
einhverjum embættismanni stórskaða, að honum er veitt uppbót
á því, en það er svo langt frá, að slíkt geti komið til greina
sökum lagabreytingar þeirrar, sem orðin er á um íslenzku verzl-
unina, að það er ætlandi, að hún auki fremur en minnki tekjur
íslenzkra valdsmanna.

20. Brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmanns- 13. októbr. ins í norður- og austurumdæminu um borgun fyrir veitingabrjef.

Amtmaðurinn hafði sent til stjórnarinnar fyrirspurn frá prest-
inum á Hofi í Norðurmúlasýslu um það, hvort það væri ekki
móti venju, að hann, er áður hafði goldið hið lögboðna gjald
14 rdi 48 sk., fyrir staðfestingu á veitingarbrjefi fyrir Glaum-
bæjarbrauði í Skagafjarðarprófastsdæmi, skyldi nú aptur gjalda
jafnmikið fyrir staðfestingu 27. marz næstliðinn á veitingarbrjefi
hans fyrir Hofsbrauði.

Stjórnin svarar: að það sje venja að láta gjalda fyrir stað-
festingu á veitingarbrjefum presta eins og almenn lofagjöld (*Be-
villingsgebyrer*), og eigi því að greiða það gjald í hvert
skipti þegar slík staðfesting er veitt.